




Reykjavík, 2. febrúar 2023

Bólstaðarhlíð 41-45 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa (USK2212970)

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. janúar 2023 var lögð fram fyrirspurn Rúnars J. Hjartar og Áslaugar Arndal, dags. 20. desember 2022, ásamt greinargerð, dags. 12. desember 2022, um að setja tvo bílaskúra á lóð nr. 41-45 við Bólstaðarhlíð í framhaldi af þeim bílskúrum sem fyrir eru, samkvæmt skissu, ódags.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Loftmynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er Bólstaðarhlíð 41-45 íbúðarbyggð.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Bólstaðarhlíð, samþykkt í bæjarráði Reykjavíkur 14. mars 1961. Skipulagið sýnir hvorki lóðarmörk né byggingarreiti fyrir lóðina Bólstaðarhlíð 41-45 heldur sýnir þar óbyggt svæði. Ekki virðist hafa verið unnið sérstakt deiliskipulag vegna uppbyggingar á lóðinni. Vinna við hverfisskipulag fyrir Háteigshverfi er í gangi og gert ráð fyrir að skipulagið verði auglýst vorið 2023.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til þess hvort heimilt sé að byggja tvo bílaskúra austan við þá fimm bílaskúra sem fyrir eru á lóðinni.

Gildandi deiliskipulag fyrir svæðið sýnir ekki lóðarmörk og byggingarreiti fyrir lóðina.

Aðaluppdrættir fyrir íbúðarhús og tengi/þjónustubyggingu voru samþykktir í byggingarnefnd 16. maí 1984 og mæliblað fyrir lóðina gefið út 11. október 1985. Á framangreindum gögnum eru ekki sýndir bílskúrar eða byggingarreitir fyrir þá. Á afstöðumynd er hinsvegar sagt að „möguleiki [sé] á bílskylum“ við lóðarmörkin til norðurs.

Á aðaluppdráttum sem samþykktir voru í byggingarnefnd 26. mars 1986 eru sýndir fimm bílskúrar sem staðsettir eru við lóðarmörkin til norðurs. Engin samþykkt gögn eru til (skipulag, uppdrættir, mæliblöð eða annað) sem sýna frekari fjölgun bílskúra.

Vinna við hverfisskipulag fyrir Háteigshverfi er langt komin. Í þeim hverfum þar sem nú þegar hefur verið staðfest nýtt hverfisskipulag hafa ekki verið veittar heimildir fyrir nýjum bílskúrum. Hægt verður að gera athugasemdir við hverfisskipulag Háteigshverfis þegar það verður auglýst.

Niðurstaða

- Ekki er heimild til að fjölga bílskúrum á lóðinni.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Ólafur Ingibergsson, sérfræðingur hjá hverfisskipulagi